


Bonnefoy fær bókmenntaverðlaun



kl. 17.15

Í dag fer fram upplestur á Amtsbókasafninu á Akureyri á vegum Skálda-spirunnar. Þar munu stíga á stökk þeir Þórarinn Torfason sem les upp úr óbirtu ljóðahandriti og Björn Þorláksson sem les upp úr óútgefnu handriti að nýrri skáldsögu. Viðburðurinn hefst kl. 17.15 og er aðgangur ókeypis og öllum opin.

Franska skáldið Yves Bonnefoy tók við hinum virtu Franz Kafka-bókmenntaverðlaunum í Prag á þriðjudag. Fjölbjóðleg dómnefnd bókmenntasérfræðinga valdi Bonnefoy úr hópi tilnefndra í mars síðastliðnum. Verðlaunin eru veitt á vegum Franz Kafka-félagsins sem starfar í Prag. Félagið var stofnað fljótlega eftir hrun kommúnismans í Tékkóslóvakíu árið 1989 og starfar að því að auka veg og virðingu Kafka og annarra þýskumælandi rithöfundar frá Prag. Verðlaununum var komið á fót árið 2001 og hafa verið veitt árlega síðan. Höfundar hvaðanæva að eiga möguleika á að vinna verðlaunin. Þeir verða þó að uppfylla þau skilyrði að hafa sent frá sér bókmenntir sem þykja búa yfir framúrskarandi listrænum gæðum og höfða þannig til allra lesenda, óháð uppruna þeirra og



YVES BONNEFOY Hlaut hin virtu Franz Kafka-bókmenntaverðlaun.

annars menningarmunar. Í verðlaun er lítil stytta af Franz Kafka og tíu þúsund Bandaríkjadalir. Yves Bonnefoy er 84 ára gamall og er gjarnan talinn í hópi þeirra sem mest áhrif hafa haft á franskar bókmenntir á síðari hluta 20. aldarinnar. Auk skáldskapar hefur hann einnig sent frá sér fjölda margar ritgerðir og greinar og er að auki einn helsti þýðandi á verkum William Shakespeare yfir á franska tungu. Bonnefoy er sá sjöundi í röðinni sem hlýtur þessi verðlaun. Á meðal fyrri vinningshafa eru Tékkinn Ivan Klima og Bandaríkjamadurinn Philip Roth. Árin 2004 og 2005 hlutu Austurríkismaðurinn Elfriede Jelinek og Bretinn Harold Pinter Kafka-verðlaunin skömmu áður en þeir fengu Nóbelsverðlaunin. Í fyrra var það Japaninn Haruki Murakami sem fékk verðlaunin.

menning

menning@frettabladid.is



SINNEP

Atli Ingólfsson

Í leit að hávaða

Strengur framkallar tón með því að sveiflast. Snemma komust menn að því að í raun sveiflast hann ekki bara í heilu lagi. Á sama tíma sveiflast helmingarnir líka hvor um sig, líka hver þriðjungur, fjórðungur, fimmtungur og svo framvegis. Hver þessar aukaveiflna gefur sinn tón. Ef allir þessir tónar eru lagðir saman fáum við það sem kalla mætti hljóðróf. Það er eins og risavaxinn hljómur þar sem neðst er langt á milli tóna (áttund) og síðan æ styttra rétt eins og hlutföllin gefa til kynna. Þótt við þykjumst bara heyra tónbotninn, tóninn sem allur strengurinn gefur, heyrum við í raun allt hljóðrófið án þess að taka eftir því. Þetta á við um alla tóna sem okkur berast til eyrna. Þetta er náttúrulegt fyrirbæri og skýrir að nokkru leyti hvernig við upplifum bláan og stríðan hljóð. Neðstu tónarnir hljóma saman í mesta samlyndi en streita milli tóna eykst eftir því sem ofar dregur. Sá samhljómur sem við erum vön í hefðbundinni tónlist byggir á fimm neðstu tónum hljóðrófsins.

- 1) Lýsa mætti tónlistarsögunni sem fjallgöngu eyrans upp eftir hljóðrófinu. Það er nokkuð gróf en gagnleg einföldun.
- 2) Í árdaga var fullkominn samhljómur takmarkaður við neðstu þrjá tónana. Á endurreisnartímanum vann fimmti tóninn sér sess í samfélagi ómblíðunnar.
- 3) Ekki komust fleiri tónar þangað inn lengi vel, en tónlistin sótti æ oftar allt upp í 9. tón og ekkert minna en 7. og 17. tónn heilsa okkur í upphafi brúðarmarsins eftir Mendelssohn (1830).
- 4) Litameistarar eins og Debussy og Ravel unnu markvisst að því að opna eyru okkar fyrir efri svæðum hljóðrófsins og sýndu fram á að þau þurfa ekki að vera svo hvöss að heyra.
- 5) Ástæður þessa ferðalags voru ekki fræðilegar. Tilfinningin, skynjunin, leitaði eins og ósjálfrátt inn á ný svæði. Enda gerðist þetta ekki síður í rokkinu en skrifaðri tónlist: Vælandi og urrandi gítarsóló voru ekkert annað en glefsur af efri hluta hljóðrófsins. Það var rokkið sem sýndi fram á að stríður hljómur og nautn áttu ágætlega saman.
- 6) Eftir því sem ofar dregur í hljóðrófinu verður smám saman ógerningur að greina mun tónanna og þeir renna saman í samfelld hljóð, sem er þá hávaði en ekki hljómur. Hristur, trumbur og gjöll alls konar eru verkfæri til að framkalla hávaða. Þetta geta hátalarar auðvitað líka.
- 7) Rokkið og nútímatónlistin hittust allt í einu á leikvelli sem hét hávaði og hafa átt talsverða samleið síðan. Þá hafði hávaðinn reyndar verið hagvanur sums staðar í Afríku frá ómunatíð.



TÓNLISTARKON-URNAR Antonia Hevesi og Elín Óskarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Wagner og Weber

Hádegistónleikaröð Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar, heldur áfram í dag kl. 12. Að þessu sinni er það Elín Óskarsdóttir söngkona sem kemur fram með Antoníu Hevesi píanóleikara og bjóða þær upp á þýska tónlist eftir tónskáldin Carl Weber og Richard Wagner.

Elín segir sig hafa langað til að takast á við þessi tónskáld í nokkurn tíma. „Ég hef lengi horft út undan mér á tónlist Wagners þar sem hún hentar rödd minni afar vel. Ég hef þó ekki lagt í að takast á við hann fyrr en nú og verða þessir tónleikar því frumflutningur minn á verkum hans. Það sama má segja um ariuna úr Oberon eftir Weber. Sú er ógurleg flugeldasýning og hafði mig lengi dreymt um að flytja hana. Eftir því sem ég best veit verður þetta í fyrsta skipti sem hún er sungin opinberlega hérlandis.“ Tónlist Wagners er þekkt fyrir

flest annað en léttleika sinn. „Áhorfendur þurfa ekki að óttast að þessir tónleikar verði þungir, enda slíkt ekki við hæfi svona í hádeginu. Segja má að við höfum fleytt rjómann af Wagner með því að velja tvær fallegar aríur eftir hann. Tónleikarnir eru aðeins um hálf tíma að lengd og því þurfum við að nota tímann vel.“

Við flytjum þessar tvær aríur eftir Wagner auk ariunnar eftir Weber og ég spjalla lítillga við áhorfendur á milli verka. Svo er aldrei að vita nema við höfum eitthvað óvænt í pokahorninu í lok tónleikanna,“ segir Elín.

Tónleikarnir eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar og er því enginn aðgagnsýr að þeim. Þeir eru öllum opinir á meðan húsrúm leyfir.

- vþ



MYNDLIST Par, 2004/2005. Birt með góðfúslegu leyfi listamannsins og gallerí i8.

Litið yfir feril Hreins

Yfirlitssýning Hreins Friðfinnssonar myndlistarmanns sem vakti mikla athygli í sumar í Serpentine Gallery í London er komin upp í Listasafni Reykjavíkur og leggur undir sig efri hæð hússins. Hún geymir verk frá upphafi áttunda áratugsins að undanteknu verki frá 1965, Litið við hjá Jóni Gunnari, sem var endurgert 1992 en er þó í grunninn hið sama þótt hurðin gegnumsparkaða sé nýrri en sú sem Hreinn sýndi á sínum tíma og vakti hvað mesta hneykslan. Var þetta nú list?

Sýningin var samsett af sýningarstjóranum Kitty Scott en varð til fyrir áhuga Ólafs Eliassonar og Hans Ulrich Obrist sem ræður nokkuð ferðinni hjá Serpentine um þessar mundir og Hafþór Yngvason hefur verið í samstarfi við. Sýning Hreins verður hér fram yfir áramót en fer þá til Bergen og Málmeysjar.

Framgangur Hreins eftir sýningarhaldið í Hyde Park hefur vafalítið opnað honum dyr: þótt verk hans séu uppi í Pompidou og hann vel þekktur meðal áhugamanna um arfleifð og áframhald konseptins víða í Evrópu er myndlist af því tagi sem hann stundar utan alfaraleiða. Það eru hávaðasamari auglýsingamenn sem njóta athyglinnar, ágengir frekjuhundar. Hreinn Friðfinnsson er ákaflega hógværður maður og það sést líka í verkum hans sem eru full af ihugun, hann er næm-astur á hið fagra í ásýnd hlutanna,

hversdagslega reynslu sem við brunum flest hjá.

Hreinn er fæddur 1943 á Bæ í Dalasýslu og hleypti heimdraganum ungu til að læra myndlist í Handíða- og myndlistarskólanum sem þá var. Hann fór í námsferð til London tvítugur ásamt Sigurjóni Jóhannssyni: „Það gerðu það ekki allir, eins og síðar varð,“ segir Hreinn um þá för. Fyrstu sýningu sína héldu þeir saman tveim árum seinna. Sú sýning er talin upphaf umbrota í íslenskrum myndlist sem löngum eru kennd við SUM og ber í skrá nafnið SUM I en Hreinn var með í flestum stóru sýningunum þeirra: SUM II, IV og SUM á Listahátíð 1972. Hann hafði þá verið búsettur í Amsterdam í fjögur ár þar sem hann hefur haldið starfsstöð og heimili æ síðan.

Í myndarlegri sýningarskrá sem kom út með Serpentine-sýningunni er rakinn sýningarferill hans frá upphafi. Hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og staðið einn að sýningum í ýmsum galleríum Evrópu sem hann hefur verið í samstarfi við um áratuga skeið. Hér heima sýndi hann síðast í Keflavík, á Ísafirði, í Reykjavík og í Hafnarfirði. Ekki er hægt að segja annað en hann hafi sinnt sýningarhaldi á landsbyggðinni af skyldurækni. Verk hans eru fáanleg í gallerí i8 á Klapparstíg.

„Þetta nær allt aftur til sjöunda áratugsins,“ segir Hreinn. „Það er fátt hér af nýjum verkum, enda sum þeirra ekki orðin til enn.“ Hreinn viðurkennir að heimsókn þeirra Sigurjóns til London 1963 hafi kveikt í honum: „Allir urðu fyrir áhrifum frá poppinu,“ segir hann. „Það var í einhverjum verkum mínum sem eru ekki til lengur.“ Hann segir stórsýningu í Tate það ár hafa verið „brumu“, en umbrotið í popp-listinni hafi hreyft við mörgum og haft áhrif:

„Það var áhrifamikil sýning fyrir ungar sálir.“

Landið kemur mikið fyrir í verkum Hreins, rétt eins og í útlagamyndum Ólafs Eliassonar. Þótt ólíkir séu er eins og það sé í baki minningu. Við spyrjum hann hvort hann vinni mikið með minningu: „Það er dálítið um það. Mér finnst það alltaf gaman þegar einhver minning, einhver mynd, sem er annars ómerkileg, ekki söguleg, eitthvað sem af einhverjum orsökum kemur upp í hugann. Til dæmis verkið Sumarnætur, sem er eitt af þessum einnota verkum sem eru ekki varanleg. Það eru kramarhús vafin úr pappír. Það byggist á minningu. Einhvern tíma sat ég á Hótel Borg, fyrir langa langa löngu. Þar var maður sem var búinn að vera að skemmta sér svólítið lengi og hann spyr svona upp úr móki: Vitiði hvernig nóttin er í laginu? Hann fékk ekkert nema dónaskap og bull og þá sagði hann: Hún er keila. Maður hafði aldrei hugsað út í það beint þótt hægt sé að fletta því upp í kennslubókum. En svona getur orðið manni minnisstætt og efniviður. Þannig að minningin er áhugaverð oft, eitthvað svona lítilfjórlegt gefur tilforni til þess að vinna eitthvað.“

Hreinn setur saman nýja sýningu fyrir Gallerí Nortenaken í Berlín í vor. Konseptið er löngu orðið viðurkennt sem skóli eða deild í samtímalist. Hreinn segist ekki vera vel að sér í merkimiðum. „Þessi miði var hengdur á eitthvað sem hefur skýr landamæri sem það hefur ekki. Þetta er bara svo fjölbreytt. Það er allt í gangi sem hefur einhverjar konsept tengingar. Ég er lélegur við svona skilgreiningar. Það er heilmikið djóbb og heilmikil þæling. Það eru margir í því og mikið af skýru fólk. Það er bara hægt að koma að þessu frá svo mörgum hlíðum.“

ppb@frettabladid.is